

79  
7. sept.

## FISKIVEIÐASAMÞYKKT

fyrir

Ólafsvík.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Ólafsvík, og nær til allra báta, sem eigi eru yfirdekkir, og ganga þar til fiskjar yfir haust og vetrarvertið.

2. gr.

Frá 20. okt. til 15. marz, að báðum dögum meðtöldum, má enginn bátur fara til róðra seinna að degi til en kl. 12 á hádegi.

Frá 20. okt. til 15. nóv. má eigi fara til fiskjar fyr en kl. 5 fyrir hádegi. Frá 16. nóv. til 15. des. kl. 6. Frá 16. des. til 15. jan. kl. 6½. Frá 16. jan. til 15. febr. kl. 6. Frá 16. febr. til 15. marz kl. 5.

3. gr.

Nefnd sú, sem kosin er samkvæmt 4. gr. hér á eftir, gefur merki (ljós) þegar tími er kominn að nóttu til, og fyr má enginn bátur ýta frá landi. Þó mega bátarnir vera búnir að setja til sjávar.

4. gr.

Hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps kys ár hvert 3 bátaformenn í nefnd, til þess að gæta að fyrirmælum þessarar samþykktar sé fylgt, og gefa þeir merki þegar burtfarartími er kominn að næturlagi samkvæmt 2. gr.

Enginn formaður í Ólafsvík getur skorazt undan kosningu. Ber gæzlu-mönnum að kæra brot gegn samþykktinni fyrir lögreglustjóra.

5. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 25 til 500 krónum, er renna í hafnarsjóð Ólafsvíkur.

6. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 86, 14. nóvember 1917 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. september 1931.*

Ásgeir Ásgeirsson.

---

*Páll Pálmason.*